

**Fundur haldinn í stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Nausts mánudaginn 29. október 2010 kl. 16:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

### **DAGSKRÁ:**

**Mætt voru:** Ásta Laufey Þórarinsdóttir fyrir Svalbarðshrepp, Ragnhildur Karlsdóttir og Gunnólfur Lárusson fyrir Langanesbyggð, Valgerður Friðriksdóttir, Borghildur Björg Þóroddsdóttir framkvæmdarstjórnar, Haraldur Tómasson læknir, Gunnólfur Lárusson framkvæmdarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

### **Dagskrá.**

#### **1. Hjúkrunarforstjóri.**

Fyrir fundinum lá ein fyrirspurn um hjúkrunarforstjórastarfið.

En hún er frá Lindu Björnsdóttir en hún er með BSc gráðu í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1994, er einnig með 30 MSc einingar frá sama skóla. Hefur síðastliðna önn verið í mastersnámi við háskólann á Bifröst í stjórnun heilbrigðisþjónustu. Hún hefur aðallega unnið á bráðasviði á geðdeildum en einnig starfað á langlegu- og göngudeild geðsviðs. Starfaði í 1 ár í Frakklandi á lyfjadeild og aðeins komið við á krabbameinsdeild Landspítalans og lungnadeildinni í Fossvogi. .

Gunnólfur fór yfir að hún hefði áhuga að koma og skoða aðstæður hér á Þórshöfn *Samþykkt samhljóða að bjóða Lindu í heimsókn til að skoða aðstæður.*

#### **2. Uppsögn á samningi.**

Gunnólfur sagði frá því að hann hafi fengi eftirfarandi bréf frá heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík í tölvupósti í dag.

“Með bréfi þessu er sagt upp samningi um hjúkrunarþjónustu á Nausti. Ástæða uppsagnarinnar er vandkvæði við mönnun þjónustunnar. Heilbrigðisstofnunin mun eftir megni sinna beiðnum um hjúkrunarþjónustu á Nausti á meðan enginn hjúkrunarfræðingur er í föstu starfi á Nausti.

Virðingarfyllst,

Jón Helgi Björnsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga,,

#### **3. Starfsmannamál.**

Nokkur umræða fór um starfsemi Nausts, mikil ánægja með það hvernig Linda iðjuþjálfí kemur inn í starfið.

Fundagerðin upplesin og samþykkt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15